STJÓRNARTÍÐINDI B 6 – 2001

4. janúar 2001 35 Nr. 20

AUGLÝSING

nr. 1/2001 um skattmat ríkisskattstjóra tekjuárið 2000 (framtalsárið 2001).

Með vísan til 2. tl. 74. gr., A-liðs 30. gr. og 116. gr. l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði í c-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, hefur ríkisskattstjóri sett eftirfarandi reglur um mat á hlunnindum o.fl. til tekna, kostnaði til frádráttar frá tekjum og mat á eignum í árslok 2000. Skal farið eftir skattmati þessu við framtal 2001 vegna tekna á árinu 2000 og eigna í lok þess árs.

1. Mat á hlunnindum o.fl. til tekna.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs, og skiptir þá ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, fríðindi og hlunnindi svo sem fríar ferðir, áskriftir fjölmiðla, tryggingar, síma, tölvur, svo og framlög og gjafir. Kaupauka í formi þess að launagreiðandi veitir launþega sínum umbun með gjöf vegna starfsaldurs launþegans eða sem verðlaun fyrir frammistöðu ber einnig að telja til tekna sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir.

Sé ekki mat í reglum þessum á tilteknum hlunnindum eða fríðindum skal færa þau til tekna sem næst gildandi verði, þ.e. gangverði eða kostnaðarverði ef gangverð er ekki þekkt. Séu hlunnindi eða annað, sem telja ber til tekna, látið af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmatið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

Þeir sem stunda búrekstur eða sjómennsku á eigin fari eiga að telja sér til tekna eigin not afurða. Sama á við um aðra sem atvinnurekstur stunda og taka eigin framleiðslu til afnota.

Teknamat hlunninda o.fl., sem ríkisskattstjóri hefur ákveðið fer hér á eftir:

1.1. Fatnaður.

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

Einkennisföt	kr. 15.000
Einkennisyfirhafnir	" 11.000

Fatnað sem ekki telst einkennisfatnaður skal telja á kostnaðarverði. Sama á við um aukafatnað með einkennisfatnaði sem ekki nær framangreindu kostnaðarmati og telst vera hluti einkennisfatnaðar. Á þetta t.d. við um aukabuxur eða aukapils. Nái kostnaðarverð einkennisfatnaðar ekki framangreindu mati, skal miða við kostnaðarverðið.

Eigi skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað við störf hans, sem launagreiðandi afhendir honum til afnota.

1.2. Bifreiðahlunnindi.

Afnot launamanns af fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og jeppabifreið, eða öðrum bifreiðum sem hægt er að hafa sambærileg not af, svo sem sendibifreiðum, sem launagreiðandi hans lætur honum í té til fullra umráða, skulu metin launamanni til tekna.

Gutenberg

Af bifreið sem tekin var í notkun á árunum 1998, 1999, eða 2000, skal meta afnot í heilt ár til tekna sem 20% af verði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir. Af eldri bifreið skal meta afnot til tekna sem 15% af verði hennar. Ekki skiptir máli hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Hafi afnot af bifreið varað hluta úr ári skulu afnotin metin til tekna í hlutfalli við afnotatímann.

Verð bifreiðar er í þessu sambandi skilgreint sem staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri sams konar bifreið af síðustu árgerð frá bifreiðaumboði, að meðtöldu verði á hvers konar auka- eða sérútbúnaði bifreiðarinnar. Sé síðasta árgerð bifreiðarinnar eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum.

Hafi launamaður greitt vinnuveitanda fyrir afnot af bifreiðinni skal hin greidda fjárhæð koma til frádráttar frá matinu. Sama á við ef launamaður greiðir rekstrarkostnað bifreiðar annan en eldsneytiskostnað og kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, enda afhendi launamaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Greiði launamaðurinn allan eldsneytiskostnað og eftir atvikum þungaskatt vegna bifreiðarinnar skal matið lækkað um 4 prósentustig, þ.e í 16% eða 11% af metnu verði bifreiðarinnar.

Hafi launamaður haft afnot af bifreið launagreiðanda síns og einungis verið heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og til einstakra tilfallandi afnota skal meta slík takmörkuð afnot til tekna miðað við 43,48 kr. á hvern ekinn kílómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá launamanni. Sé um frekari afnot að ræða telst launamaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan. Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum teljast hafa ótakmörkuð afnot af bifreiðum, sem þeir hafa afnot af.

1.3. Fæðishlunnindi.

Fæði, sem launagreiðandi lét launamanni í té endurgjaldslaust, skal metið honum til tekna sem hér segir:

Fyrir fullt fæði, fullorðins	904 kr. á dag
Fyrir hálft fæði fullorðins	452 kr. á dag
Fyrir fullt fæði barns, yngra en 12 ára	726 kr. á dag
Fyrir fæði að hluta (ein máltíð)	361 kr. á dag

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fæði á lægra verði en skattmat ríkisskattstjóra segir til um skal telja mismuninn til tekna. Sérhver önnur fæðishlunnindi, sem látin eru launamanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, ber að telja til tekna á kostnaðarverði.

1.4. Íbúðarhúsnæði og orlofshús.

Ef launagreiðandi lætur starfsmanni sínum í té endurgjaldslaus afnot íbúðarhúsnæðis, skulu þau metin til tekna sem hér segir.

Fyrir ársafnot reiknast 2,7% af gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar. Fjárhæð þessi skiptist hlutfallslega á notkunartímabil miðað við tímalengd þeirra. Hafi launamaður afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi hans lætur honum í té gegn endurgjaldi sem er lægra heldur en 2,7% af gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar, skal meta launþega mismuninn til tekna. Endurgjaldslausa orkunotkun (rafmagn og hiti) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launþega kvöð um búsetu í húsnæði, sem vinnuveitandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði allt að 150 m^2 að viðbættum 5 m^2 fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt. Eigi skal meta launamanni til hlunninda afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem dvalið er um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Ef launþegi fær endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda sínum þá skal launþeginn telja sér til tekna sem hlunnindi 1.500 kr. fyrir hvern dag sem hann eða aðrir fjölskyldumeðlimir nýta húsnæðið. Með orlofshúsnæði er átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til orlofsdvalar.

1.5. Hlunnindi vegna lána frá launagreiðanda.

Hafi launagreiðandi veitt launþega beint eða óbeint vaxtalaust lán ber launþega að telja sér það til tekna sem launatekjur. Tekjumatið er ákveðið með hliðsjón af kjörvöxtum viðskiptabanka og er sem næst 80% af meðaltali þeirra á árinu. Fyrir árið 2000 miðast tekjumatið við 10,5%. Séu vextir af fengnu láni lægri en framangreindir vextir skal telja mismuninn til launa.

1.6. Teknamat af landbúnaði.

Heimanot búsafurða skulu metin til tekna með hliðsjón af því verði, sem almennir neytendur greiða fyrir tilsvarandi vöru. Auk þess matsverðs sem ákvarðað er sérstaklega í þessu skattmati ber einnig að telja til tekna önnur eigin not á öðrum afurðum búa, svo sem grænmeti. Skulu þær metnar á markaðsverði.

Mat á eftirtöldum búsafurðum hefur verið ákveðið þannig (verð án virðisaukaskatts):

Mjólk	kr.	60,20 pr. ltr.
Mjólk til búfjárfóðurs	"	20,00 pr. ltr.
Egg	"	200,00 pr. kg.
Kartöflur til manneldis	"	75,00 pr. kg.
Rófur til manneldis	"	135,00 pr. kg.
Kartöflur og rófur til skepnufóðurs	"	11,00 pr. kg.
Lambakjöt	"	300,00 pr. kg.
Kjöt af veturgömlu fé	"	200,00 pr. kg.
Annað kjöt af sauðfé	"	100,00 pr. kg.
Ungnautakjöt	"	300,00 pr. kg.
Annað kjöt af nautgripum	"	200,00 pr. kg.
Folaldakjöt	"	200,00 pr. kg.
Annað kjöt af hrossum	"	100,00 pr. kg.
Grísakjöt	"	250,00 pr. kg.
Annað svínakjöt	"	100,00 pr. kg.
Kalkúnar, endur og gæsir	"	400,00 pr. kg.
Annað fuglakjöt	"	300,00 pr. kg.
Lax og silungur	"	300,00 pr. kg.
Annar fiskur	"	200,00 pr. kg.
Æðardúnn	"	50.000,00 pr. kg.

2. Mat til frádráttar frá tekjum.

2.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk.

Frá ökutækjastyrkjum, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan kostnað við rekstur ökutækis sbr. eftirfarandi.

Frádrátt kostnaðar á móti greiddum ökutækjastyrk á árinu 2000 skal byggja á því að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald greitt launamanni, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 490 frá 28. desember 1992. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Kostnaður við rekstur ökutækis telst því aðeins sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Að fram sé lögð á eyðublaði RSK 3.04, ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift einnar bifreiðar, sem reiknast kr. 259.832. Afskrift ökutækja, sem notuð eru hluta úr ári, reiknast hlutfallslega miðað við þá fjárhæð.
2. Að á sama eyðublaði og um ræðir í 1. tl. komi fram sundurliðun á heildarnotkun ökutækisins þannig sundurliðuð:

a. Akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu.
b. Annar akstur í eigin þágu.
c. Akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki þá fjárhæð sem kemur út með því að margfalda með kr. 43,48 þá kílómetratölu sem ákvörðuð hefur verið sem akstur í þágu launagreiðanda. Hafi launþegi fengið greitt svonefnt „sérstakt gjald" eða „torfærugjald" á árinu 2000 fyrir akstur ökutækis síns má hann hækka fjárhæð hámarksfrádráttar fyrir hvern ekinn km sem hann fékk greiddan skv. „sérstöku gjaldi" í kr. 50,01 og skv. „torfærugjaldi" í kr. 63,06, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar. Aldrei leyfist hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Hafi launþegi fengið greiðslu fyrir afnot af eigin bifreið í þágu launagreiðanda síns á árinu 2000, þannig að endurgreiddur kostnaður við akstur hafi miðast við 2000 km eða minna, er fallið frá kröfu skv. tölulið 1 hér að framan um sundurliðun á rekstrarkostnaði ökutækis. Þetta er bundið þeim skilyrðum að launþegi hafi fært akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð hefur verið hver ferð, ekin vegalengd og aksturserindi og að kílómetragjald hafi verið greitt í samræmi við skattmat ríkisskattstjóra á árinu 2000 fyrir hvern ekinn km skv. akstursdagbók.

2.2. Frádráttur á móti fengnum dagpeningum.

Frádráttur á móti dagpeningum sem launamaður hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og launþeginn hafi greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað svo sem fargjöld frá og að flugvöllum. Frádrátturinn er háður því skilyrði að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launamanni, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launamanns.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er mat ríkisskattstjóra á leyfilegum frádrætti frá greiddum dagpeningum á árinu 2000 sem hér segir:

Frádráttur frá dagpeningum innanlands.

	Jan. - maí	Júní	Júlí - nóv.	Des
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	8.500	10.600	11.000	9.900
Fyrir gistingu í eina nótt	4.500	6.400	6.800	5.600
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	4.000	4.200	4.200	4.300
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.000	2.100	2.100	2.150

Frádráttur frá dagpeningum erlendis í SDR.

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
Bretland og Rússland	128	90	82	58
New York borg og Washington DC	132	78	85	50
Asía, Afríka og Suður-Ameríka	130	105	83	67
Annars staðar	95	90	61	58

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá fulla almenna dagpeninga. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt að draga frá fulla almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi „Annað“ frá fengnum dagpeningum.

Hafi launamaður fengið greidda dagpeninga fyrir samtals 30 daga eða fleiri á árinu 2000 skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um kr. 904 fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfellt. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er kr. 452.

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað þess að ferðakostnaður annar en gisti- og fæðiskostnaðar erlendis sé dreginn frá samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð, sem hæst getur orðið 30% af frádrætti vegna dagpeninga sbr. framangreint, sem er vegna annars kostnaðar en gistingar.

2.3. Annar frádráttur.

Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi kr. 440 fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna.

Í stað frádráttar sem byggður er á sannanlegum kostnaði er heimilt í slíkum rekstri að færa til frádráttar, vegna barna eldri en tveggja ára, kr. 76 fyrir hvern seldan morgunverð eða síðdegishressingu og kr. 175 fyrir hvern seldan hádegis- eða kvöldverð.

Fyrir börn tveggja ára og yngri má færa til frádráttar helming þeirra fjárhæða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir sölu fæðis samkvæmt gjaldskrá.

Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, föndurvara, bóka o.þ.h. má færa 14% af öðrum tekjum en vegna fæðissölu. Ef um sumardvöl er að ræða má færa 20% af heildartekjum án fæðissölu, enda sé um gistingu að ræða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri fjárhæð en innheimt er vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

Hjá stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna eru sömu skilyrði og greinir hér að framan um frádrátt í stað sannanlegs kostnaðar. Þá eru sömu reglur um fæðiskostnað og um frádrátt frá tekjum bundin því hvort viðkomandi barn sé þar einungis í dagvistun eða gistingu.

Frádráttur vegna fóstrunar barna.

Ef um er að ræða greiðslur, vegna barna sem sett eru í fóstur af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum, þá má færa sem frádrátt á móti greiðslum, sem svarar til tvöfalds barnalífeyris, en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur. Hámarksfrádráttur vegna barns verður því kr. 320.664 á árinu 2000 eða kr. 879 á vistunardag.

Frádráttur vegna vistunar aldraðra og öryrkja.

Ef um er að ræða greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum, þá er heimilt í stað sannanlegs kostnaðar að færa til frádráttar á móti greiðslum, sem svarar til tvöfalds ellilífeyris (grunnlífeyris), en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur greiðslunum. Hámarksfrádráttur verður því kr. 425.160 á árinu 2000 eða 1.165 kr. á vistunardag.

3. Eignamat í árslok.

Þeir sem hafa atvinnu af búrekstri skulu telja búpening til eignar í árslok 2000 samkvæmt því sem hér segir:

	kr.
Mjólkurkýr	70.000
Holdakýr og naut	55.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri	45.000
Geldneyti	30.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs	8.000
Ær og sauðir	5.000
Hrútar	8.000
Gemlingar	4.500
Hross á 14. vetri og eldri	14.000
Hestar á 5. - 13. vetri	28.000
Hryssur á 5. - 13. vetri	25.000
Fulltamin reiðhross (á 5. - 13. vetri)	100.000
Önnur reiðhross (á 5. - 13. vetri)	50.000
Kynbótahestar á 5. - 13. vetri	200.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. - 13. vetri	300.000
Tryppi á 2. - 4. vetri	9.500
Folöld	6.500
Hænsni, eldri en 6 mánaða	600
Varphænsni yngri en 6 mánaða	380
Kjúklingar	150
Endur	650
Gæsir	1.100
Kalkúnar	1.600

		kr.
Gyltur		13.000
Geltir		20.000
Grísir		4.000
Kanínur		1.500
Minkar:	Karldýr	2.900
	Kvendýr	1.800
	Hvolpar	0
Refir:	Karldýr og kvendýr	4.400
	Hvolpar	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri		3.000

Reykjavík, 4. janúar 2001.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

4. janúar 2001 Nr. 21

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 2/2001 um skattmat vegna staðgreiðslu 2001.

Með vísan til 2. tl. 74. gr., A-liðs 30. gr. og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði í c-lið 6. gr. reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, hefur ríkisskattstjóri sett eftirfarandi reglur um mat á hlunnindum o.fl. til tekna og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2001.

1. Mat á hlunnindum o.fl. til tekna.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs, og skiptir þá ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, fríðindi og hlunnindi svo sem fríar ferðir, áskriftir fjölmiðla, tryggingar, síma, tölvur, svo og framlög og gjafir. Kaupauka í formi þess að launagreiðandi veitir launþega sínum umbun með gjöf vegna starfsaldurs launþegans eða sem verðlaun fyrir frammistöðu ber einnig að telja til tekna sé verðmæti hans hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir. Greiða ber staðgreiðslu af framangreindum tekjum nema þær séu undanþegnar staðgreiðslu skv. reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

Sé ekki í reglum þessum ákveðið mat á tilteknum staðgreiðsluskyldum hlunnindum skal telja þau til tekna og greiða af þeim staðgreiðslu miðað við gangverð eða kostnaðarverð ef gangverð er ekki þekkt. Séu hlunnindi eða annað, sem telja ber til tekna, látið af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmatið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna og greiða af honum staðgreiðslu.

Teknamat hlunninda o.fl. vegna staðgreiðslu á árinu 2001 fer hér á eftir:

1.1. Bifreiðahlunnindi.

Afnot starfsmanns af fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og jeppabifreið, eða öðrum bifreiðum sem hægt er að hafa sambærileg not af, svo sem sendibifreiðum, sem launagreiðandi hans lætur honum í té til fullra umráða, skulu metin starfsmanni til tekna sem hér segir: